

Reykjavík, 1. september 2020

Kæri viðtakandi,

Allt er þegar þrennt er! Þetta eru nú meiri tímarnir. Við í Ungmennaráði UMFÍ höfum nú í þriðja skiptið ákveðið að breyta ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði. Í stað þess að þetta verði þriggja daga viðburður þá mun ráðstefnan aðeins verða í einn góðan dag í ráðstefnu- og tónlistarhúsinu Hörpu. Ráðstefnan verður samkvæmt þessu fimmtudaginn 17. september á milli kl. 09:00 – 16:00 í Silfurbergi.

Við fylgjum að sjálfsögðu öllum sóttvarnarreglum og þössum vel upp á hvert okkar og aðra líka.

### Hvað er Ungt fólk og lýðræði?

Yfirskrift ráðstefnunnar er: **Lýðræðisleg áhrif - Hvar, hvenær og hvernig getur ungt fólk haft áhrif?**

Ráðstefnan er samræðuvettvangur ungs fólks á aldrinum 16 - 25 ára. Markmið og tilgangur ráðstefnunnar er að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi og gefa okkur, ungu fólki, verkfæri og þjálfun til þess að auka áhrif í okkar nær samfélagi.

Dagskráin verður að sjálfsögðu áfram með fjölbreyttu sniði. Kynningar, málstofur, samtal við ráðamenn og önnur skemmtilegheit sem við í Ungmennaráði UMFÍ skipuleggjum.

### Takmarkaður fjöldi

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður. Við vinnum svolítið með regluna, fyrstur kemur fyrstur fær. Við hvetjum ykkur því til þess að bíða ekki með að skrá ykkur. Þátttökugjald er 5.900 kr. fyrir hvern þátttakanda. Innifalið í gjaldinu eru ráðstefnugögn og veitingar á Kolabraudinni, veitingastað Hörpunnar. UMFÍ styrkir 80% af ferðakostnaði. Skila þarf inn kvittunum til þess að fá styrk fyrir ferðakostnaði.

Athygli er vakin á því að viðburðurinn er með öllu vímuefnalaus og á það líka við um rafsígarettur.

Skráning á ráðstefnuna er til föstudagsins 11. september nk. **Smelltu hér til þess að skrá.**

Nánari upplýsingar er á [www.umfi.is](http://www.umfi.is).

Hlökkum til að sjá þig!

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ,

*Ástþór Jón Ragnheiðarson*  
Formaður Ungmennaráðs UMFÍ.